

Áhættumat – 22. febrúar 2025

Samkvæmt c. lið 3. gr. laga nr. 40/2024 um framkvæmdanefnd vegna jarðhræringa í Grindavíkurbæ er eitt verkefna nefndarinnar; gerð áhættumats fyrir þéttbýli í Grindavíkurbæ í samvinnu við ríkislögreglustjóra. Áhættumat þetta snýr fyrst og fremst að þéttbýli Grindavíkur í samræmi við áður tilgreint ákvæði laga um framkvæmdanefnd vegna jarðhræringa í Grindavík en önnur svæði eru einnig nefnd.

Við áhættumatið er litið til uppfærðs hættumats Veðurstofu Íslands frá 21. febrúar 2025 og áhættumats sem unnið er af verkfræðistofunni Örug, dags. 21. febrúar 2025, stöðu innviða og þeirra varna sem eru til staðar. Þar með talið eru framkvæmdir við innviði til að auka öryggi í bænum. Jafnframt er tekið mið af tilkynningu lögreglustjórans á Suðurnesjum frá 28. janúar sl.

Uppfærðir líkanareikningar Veðurstofunnar sýna að magn kviku sem hefur safnast fyrir undir Svartsengi er nú jafn mikið og það var fyrir gosið sem hófst 20. nóvember í fyrra og miðað við reynslu fyrri atburða má ætla að vaxandi líkur séu á að næsti atburður hefjist innan nokkurra daga eða vikna. Sífelld færri og minni skjálftar mælast á svæðinu vikurnar og dagana fyrir gos en gerðu í aðdraganda fyrstu eldgosanna og fyrirvari um eldgos verður styttri, allt niður í 30 mínútur.

Forsendur

Lögreglustjórinn á Suðurnesjum áréttar í tilkynningu frá 28. janúar að „Íbúar og starfsmenn fyrirtækja dvelja inn á hættusvæði á eigin ábyrgð. Hver og einn verður að bera ábyrgð á eigin athöfnum eða athafnaleysi. Það sama gildir um ferðamenn. Hættur eru nú taldar töluverðar af áhrifum eldgoss í Grindavík. Vont veður og slæm færð dregur úr öryggi fólks inn á hættusvæðum jafnframt því að hafa áhrif á vöktunargetu Veðurstofu Íslands.“

Áhættumat verkfræðistofunnar Örug, dags. 21. febrúar, 2025, er unnið fyrir þrjú svæði, þ.e. 1) gossvæði/sprenghvæði, 2) Svartsengi og 3) Grindavík (þéttbýli). Matið er unnið fyrir fjóra hópa, þ.e. 1) viðbragðsaðila, ráðgjafa og verktaka, 2) íbúa, 3) fyrirtæki og 4) ytri aðila og ferðamenn.

Bæði í Grindavík og á Svartsengissvæði er áhætta há fyrir alla hópa að degi til en mjög há að nóttu fyrir ytri aðila og ferðamenn.

Uppfært hættumat Veðurstofu varðandi Grindavík (svæði 4) er enn með töluverða hættu, þar sem töluverð hætta er vegna jarðfalls ofan í sprungur, sprunguhreyfinga, hraunflæðis og gasmengunar. Rétt er að taka fram að svæði 4 samkvæmt svæðisskiptingu Veðurstofunnar nær nokkuð út fyrir þéttbýli Grindavíkur, sér í lagi til austurs. Því er innan þess svæðis talsvert landsvæði sem hefur ekki verið áhættumetið á sama hátt og þéttbýlið.

Veðurstofan telur líklegast að kvikan komi fyrstu upp á svæðinu milli Sundhnúks og Stóra-Skógfells líkt og í sex af sjö fyrri gosum frá árslokum 2023. Eftir legu gossprungu gæti hraun náð að Grindavíkurvegi við Þorbjörn og/eda við Svartsengi á innan við 1,5 klukkustund. Ef gossprungan verður sunnan við eða suður af Hagafelli gæti hraun náð að Nesvegi eða Suðurstrandarvegi á innan við 1,5 klukkustundum. Hraunflæði gæti mögulega lokað öllum flóttaleiðum á landi úr Grindavík á um 6 klukkustundum.

Mótvægisáðgerðir

Unnið er að viðgerðum á innviðum innan þéttbýlis Grindavíkur í samræmi við aðgerðaráætlun þar að lútandi sem staðfest var af innviðaráðherra í júlí sl. Jarðkönnun hefur verið framkvæmd, hættuleg svæði verið girt af og unnið að viðgerðum og álagsprófunum á götum og opnum svæðum sem sprungur og aflaganir gatna ná inn á. Jafnframt er nokkuð stöðugt eftirlit, m.a. af hálfu slökkviliðs, lögreglu, Grindavíkurbæjar og annarra viðbragðsaðila, til þess að tryggja að girðingar séu traustar og reynt að koma í veg fyrir óviðkomandi umferð á svæðum þar sem hætta er til staðar innan bæjarins. Viðbragð slökkviliðs Grindavíkur hefur verið aukið og er nú vakt í bænum allan sólarhringinn. Varnargarðar norðan við Grindavíkurbæ hafa verið hækkaðir. Lögreglan sendi 21. febrúar, varnaðarorð á farsíma í Grindavík og í Svartsengi, sem beint er að erlendum ferðamönnum sem koma inn á hættusvæðið og vísað á vefsíðu með frekari upplýsingum. Þessi aðgerð ætti að auka vitund þeirra um aðstæður á svæðinu.

Ástæða er til að vekja athygli á að veðuraðstæður hafa áhrif á áhættumat og nauðsynlegt er að viðbragðs- og eftirlitsaðilar geri viðeigandi ráðstafanir til að vöktun sé með fullnægjandi hætti og flóttaleiðir tryggðar.

Niðurstöður

Á grundvelli áhættumats verkfræðistofunnar, sem m.a. tekur tillit til hættumats Veðurstofunnar og þeirra varna sem eru til staðar og unnið er sífelld að, er það niðurstaða Framkvæmdanefndarinnar og Almannavarnadeildar að áhætta allra aðila sé **há**, sem þýðir að varnir gegn hættum séu til staðar en talsverð óvissa. Líkur á því að eldgos hefjist á ný hafa aukist, en óvissa er um bein áhrif í Grindavík ef litið er til undangenginna atburða. Áhætta fyrir

ferðamenn og ytri aðila í Grindavík og í Svartsengi er metin mjög há að nóttu til, því er fólki ráðið frá því að vera á ferðinni í Grindavík að nauðsynjalausu, eða að dvelja þar að næturlagi.

Á gos-/sprengisvæði er áhættan hins vegar **óásættanleg** fyrir viðbragðsaðila, ráðgjafa og verktaka, ytri aðila og ferðafólk. Mælt er gegn því að óviðkomandi fari inn á gos- og sprengisvæði.

Farið er í eftirlitsferðir hvern morgun, og yfir daginn, til að kanna hvort einhverjar varnir hafi gefið sig og gert við lokanir þar sem þess kann að gerast þörf.

Áhættumatið gildir þar til nýtt áhættumat er gefið út eða önnur breyting verður á forsendum.

*Framkvæmdanefnd vegna jarðhræringa í Grindavíkurbæ
Ríkislögreglustjóra*

Almannavarnadeild